

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Berglind María Tómasdóttir
flauta

Arne Jørgen Fæø
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 7. ágúst 2001 kl. 20:30

Berglind María Tómasdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1998. Kennarar hennar voru Bernharður Wilkinson og Hallfríður Ólafsdóttir. Berglind stundaði framhaldsnám við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn þar sem aðalkennari hennar var Toke Lund Christiansen og útskrifaðist hún þaðan s.l. vor. Hluta námsins var hún gestanemi við Tónlistarháskólann í París undir leiðsögn Pierre-Yves Artaud. Berglind hefur haldið fjölda tónleika í Skandinavíu, Frakklandi og á Íslandi og er félagi í tónlistarhópnum Atonal Future. Nýverið sótti Berglind kammertónlistarnámskeið á vegum franska tónlistarhópsins Ensemble Intercontemporain sem fram fór í París, en hún hefur auk þess sótt námskeið hjá ýmsum þekktum flautuleikurum, meðal annars William Bennett, Emanuel Pahud og Manuelu Wiesler.

Arne Jørgen Fæø lauk prófi í píanóleik frá Konunglega Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn undir leiðsögn prófessors José Ribera. Hann stundar nú framhaldsnám í kammertónlist við sama skóla og mun halda lokatónleika sína næstkomandi haust. Arne Jørgen hefur komið fram sem einleikari með hljómsveit Konunglega Tónlistarháskólans og Sinfóníuhljómsveitunum í Þrándheimi og Stavanger. Hann hefur sótt námskeið hjá mörgum helstu píanóleikurum heims, meðal annars Charles Rosen, Paul Badura-Skoda, Rudolf Jansen og Pnina Salzman. Arne Jørgen Fæø er virkur flytjandi kammertónlistar og spilar reglulega með ýmsum dönskum sinfóníuhljómsveitum, meðal annars Underholdningsorkester danska ríkisútvarpsins.

Efnisskrá

Olivier Messiaen 1908-1992	<i>Le merle noir</i> fyrir flautu og píanó
Atli Heimir Sveinsson f. 1938	<i>Þrjár músikminútur</i> fyrir flautu Fuglatónar Tónatónar Kvennatónar
Þorkell Sigurbjörnsson f. 1938	<i>Columbine</i> í þremur köflum fyrir flautu og píanó
Kolbeinn Einarsson f. 1971	<i>Tónsmíð fyrir vinstraheilahvel - (heilafruma deyr)</i> fyrir flautu
Henri Dutilleux f. 1916	<i>Sonatine</i> fyrir flautu og píanó